



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 122/1847

komudagur 16. 4. 198

Reykjavík, 14. apríl 1998.

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri við Templarasundi,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða úr norsk-íslenska sildarstofninum, 642. mál.**

Efni lagafrumvarps sem hér er til umsagnar varðar skiptingu veiðiheimilda milli íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska sildarstofninum fyrir árin 1998, 1999 og 2000. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vill koma á framfæri við sjávarútvegsnefnd Alþingis eftirfarandi athugasemd og tillögu til breytinga á lagafrumvarpinu.

b.-liður 2. gr. 1. mál. verði svohljóðandi:

*"Skipta skal a.m.k. 90% af þeim árlegu heildarveiðiheimildum sem í hlut Íslands koma milli þeirra skipa sem veiðar stunduðu úr norsk-íslenska sildarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997 eða komið haju í þeirra suð, þannig að 70% sé skipt milli skipa miðað við aflareynslu þeirra en 30% skal skipt eftir burðargetu. Af 70% aflareynslunni skal reikna helming (50%) hlutdeild skipstjóra og áhafnar."*

Hér er lagt til að í stað 60% verði sett 70% og í stað burðargetu verði sett aflareynsla. Í stað 40% komi 30% og í stað jafnt komi burðargeta. Því er hafnað af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands að þátttaka sem fólst í því einu að fara til veiða án þess að veiða nánast neitt verði notuð sem réttlætning jafnra skipa á aflahlutdeild.

Þar sem enn á ný er verið að kvótasetja fisktegund vill FFSÍ benda á að í aflareynslu er úthlutun að jöfnu byggð á aflareynslu skipstjóra og áhafnar skips og framlagi útgerðar. FFSÍ telur það sjálfsgæða réttlætiskröfu að enn á ný verði úthlutun aflaréttar ekki einhliða úthlutað til útgerðar, heldur verði réttur sjómanna og útgerða lagður að jöfnu í aflareynslu.

Nú verði af Alþingi mörkuð sú stefna að atvinnuréttur skipstjóra og áhafnar sé réttilega metinn og þar sem tillaga FFSÍ byggir að 70% á aflareynslu, verði skipstjóra- og áhafnaréttur í aflahlutdeild 50% af aflareynslunni eða með öðrum orðum 35% af heildarúthlutun viðkomandi skips.

Sá hluti aflahlutdeildar sem kemur til fiskiskips sem áhafnarhluti verði ekki færður á milli skipa. Hvorki innan sömu útgerðar né framseljanlegur innan ársins eða varanlega með eða án skips. Þessum 35% af heildarúthlutun skipa sem úthlutað er sem áhafnarhluta aflamarksins telst ávallt landað sem 35% þess afla sem skipið veiðir af heimildarhlutdeild sinni.

Áhafnarhlutdeild aflamarksins að hluta eða öllu leyti verður aðeins ráðstafað af íslenska ríkinu til viðkomandi skips eða annarra fiskiskipa og áhafna innan fiskveiðiársins ef endurúthlutun á sér stað innan ársins. Sjávarútvegsráðherra getur einnig úthlutað áhafnarhluta aflamarksins á næsta fiskveiðiári telji hann það í samræmi við eðlileg nýtingarmörk fiskistofna. Við lítum

svo á að atvinnuréttur sjómanna sé jafn réttþár gagnvart lögum landsins, sem Alþingi hefur sett, og atvinnuréttur útgerðarmanna, en þar sem um sameign þjóðarinnar er að ræða skal ríkið úthluta ónotuðum aflarétti áhafnar. Áhöfn getur ekki fénytt aflahlutdeild með leigu eða sölu, heldur aðeins með veiðum, enda verði áhafnaraflahlutdeild ekki færð af viðkomandi skipi, nema annað skip komi í stað þess sem úthlutað var til.

c.-liður 2.gr. verði svohljóðandi:

*"Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska sildarstofninum árið 1997. Skal það magn, sem heimilt er að framselja, nema 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla ársins 1997."*

Hér er lagt til að framsal verði aðeins heimilað miðað við aflareynslu ársins 1997 að 50% þess magns sem skip veiddi það ár. Framsalsákvæði útgerðar nær ekki til áhafnarhluta aflamarksins. Dæmi: Hafi aflareynsla gefið 2000 tonn þar af áhafnarhluti 1000 tonn, en burðargeta 1000 tonn, alls aflamark ársins 1998 3000 tonn, má viðkomandi útgerð aðeins framselja 500 tonn til annarra skipa eða 50% af 1000 tonna aflareynslu útgerðar en ekki af áhafnarhluta aflamarks.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er sammála því sjónarmiði sem kemur fram í umsögn um aðra grein frumvarpsins í síðari hluta umsagnar í fjórðu málsgrein þar sem segir. "Þykir óeðlilegt að útgerðir, sem ekki hafi sannað veiðihæfni skipa sinna, geti framselt veiðiheimildir þær sem úthlutað er á grundvelli þessara laga." Þess vegna er lagt til að veiðireynsla vegi 70% sem forsenda aflamarks og að aðeins sé heimilt að framselja 50% þess magns sem var raunveruleg veiðireynsla sildveiðiskipa á árinu 1997, (aflareynsla útgerðar ekki áhafnarhluti aflamarks) þ.e. sl. sildveiðitímabili. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur einnig til að endurúthlutað verði cigi síðar en 20. maí af einhver skip hafa þá cigi veitt meira en t.d. 50% af heimildum sínum.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands þykir óeðlilegt að útgerðir sem ekki hafi sannað veiðihæfni skipa sinna geti fengið veiðiheimildir úthlutaðar úr norsk-íslenska sildarstofninum.

Því er harðlega mótmælt af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands að skip sem send voru í síldarsmugu að því er best verður séð í þeim tilgangi einum að eygja von í framtíðarúthlutun veiðiheimilda úr síldarstofninum, eingöngu vegna hugsanlegra framsalsmöguleika (brask), fái aflamark út á slíka sýndarþátttöku. Einhver þessara skipa hafa nú horfið af skipaskrá og því með öllu óskiljanlegt að þau skuli vera með á tillögum að úthlutunarlistum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands



Guðjón A. Kristjánsson  
forseti FFSÍ